

**Nd.**

## **585. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Lögin um almannatryggingar frá 7. maí 1946 koma fyrst til framkvæmda á þessu ári. Við því var að búast með svo stórfelldum breytingum, sem lögin ákveða amars vegar um aukin réttindi og hlunnindi ýmissa þjóðfélagsþegna og hins vegar um stóruauknar kvaðir og skyldur skattþegnanna, að ýmislegt í ákvæðum laganna væri þannig vaxið, að breytinga og lagfæringa þyrfti við. Um það eru víst flestir sammála. Það kom og í ljós við undirbúning löggjafarinnar á Alþingi 1946. Þar ríkti mikil óánægja hjá mörgum hv. alþm. um ákvæði laganna, en úr því fékkst ekki bætt í það sinn. Í byrjun þessa þings voru samþ. ýmsar breytingar á lögnum. Þar var þó ekki um efnisbreytingar að ræða, heldur eingöngu forms- og framkvæmdaratriði. Nú liggja fyrir Alþ. tvö frv., sitt í hvorri þingdeild, um allveigamiklar efnisbreytingar á tryggingalöggjöfinni. Um frv. það, sem hér er tekið til meðferðar á þskj. 75, frá hv. þm. V.-Húnv., er það að segja, að aðeins einn nefndarmanna (HelgJ) kvað sig samþykkjan flestum þeim breytingum, sem frv. gerir ráð fyrir, aðrir nefndarmenn töldu sig ekki geta aðhyllt þær breytingar, sem hér er um að ræða, en sumir nefndarmenn lýstu því yfir, að þeir æsktu breytinga á öðrum ákvæðum en hér er farið fram á á tryggingalöggjöfinni. Það virðist því vera augljóst, að innan Alþingis er allmikill vilji fyrir ýmsum breytingum á téðri löggjöf.

Nefndin sendi frumvarpið til umsagnar Tryggingastofnun ríkisins, og barst nefndinni bréf frá tryggingaráði, dags. 13. febr. s. l., þar sem tryggingaráð getur fyrir sitt leyti ekki mælt með stórfelldum efnisbreytingum á lögnum fyrr en að fenginni nokkurri reynslu á framkvæmd þeirra. Nefndin féllst eftir atvikum á þetta sjónarmið tryggingaráðs og áleit, að hyggilegast væri að biða átektu og beinir því til hæstv. ríkisstj., að hún þegar að fenginni nokkurri reynslu á framkvæmd laganna beiti sér fyrir endurskoðun á tryggingalöggjöfinni í heild. Nefndin var sammála um að leggja til, að frv. yrði afgreitt með svofelldri

### **RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:**

Þar sem enn er ekki fengin nein reynsla á framkvæmd á lögnum um almannatryggingar, lítur deildin svo á, að ekki sé rétt að samþykkja að svo stöddu stórfelldar efnisbreytingar á tryggingalöggjöfinni, en beinir því til hæstv. ríkisstj., að hún þegar að fenginni nokkurri reynslu á framkvæmd laganna, beiti sér fyrir almennri endurskoðun á tryggingalöggjöfinni í heild, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. marz 1947.

Sigurður E. Hlíðar,  
form.

Katrin Thoroddsen,  
fundaskr., með fyrirvara.

Helgi Jónasson,  
frsm.

Gylfi Þ. Gíslason.

Garðar Þorsteinsson.